

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1897/2000**2002/EES/12/44**

frá 7. september 2000

um framkvæmd á reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 um skipulag vinnumarkaðskönnunar í bandalaginu að því er varðar hagnýta skilgreiningu á atvinnuleysi(*)FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 frá 9. mars 1998 um skipulag vinnumarkaðskönnunar í bandalaginu ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 4. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í samræmi við 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 577/98 skal setja saman skilgreiningu á breytunum og skrá yfir grundvallarreglur um gerð spurninga um atvinnustöðu.
 - 2) Til þess að unnt sé að gera samanburð á hagskýrslum um atvinnumál milli ríkja verða stofnanir aðildarríkjanna og bandalagsins að mæla atvinnuástand í samræmi við skilgreiningu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) á atvinnuþátttöku og atvinnuleysi.
 - 3) Framkvæmdastjórnin þarf samanburðarhæfa vísa til að fylgjast með og meta framfarir sem verða við framkvæmd viðmiðunarreglna um ráðningar ⁽²⁾.
 - 4) Þess vegna er þörf á samhljóða skilgreiningu á atvinnuleysi í öllum aðildarríkjunum ásamt meiri samræmingu á spurningalistum vinnumarkaðskannana.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunarnefndarinnar sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 89/382/EBE, KBE ⁽³⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Kveðið er á um skilgreiningu á atvinnuleysi í I. viðauka við þessa reglugerð.

2. Kveðið er á um grundvallarreglur um gerð spurninga um atvinnustöðu í II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

1. Spurningar um atvinnustöðu fyrir vinnumarkaðskönnun í bandalaginu skulu fylgja þeim grundvallarreglum sem kveðið er á um í II. viðauka við reglugerðina og gera þarf ráð fyrir mælingum á atvinnuleysi eins og það er skilgreint í I. viðauka hennar.

2. Hins vegar kann að vera að 1. mgr. eigi ekki við á þeim tíma sem þarf til að aðlaga vinnumarkaðskönnunina. Í þeim tilvikum skulu aðildarríkin láta fylgja greinilega merkt frávik frá skilgreiningunum og grundvallarreglunum sem vísað er til í 1. mgr. þegar þau senda niðurstöður úr vinnumarkaðskönnun bandalagsins til Hagstofu Evrópubandalaganna.

*3. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. september 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Pedro SOLBES MIRA

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB L 228, 8.9.2000, bls. 18, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2001 frá 19. júní 2001 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 44, 6.9.2001, bls. 28.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB L 77, 14.3.1998, bls. 3.

⁽²⁾ Stjttíð. EB C 69, 12.3.1999, bls. 2.

⁽³⁾ Stjttíð. EB L 181, 28.6.1989, bls. 47.

I. VIÐAUKI

Vinnumarkaðskönnun: skilgreining á atvinnuleysi

1. Í samræmi við staðla Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar, sem samþykktir voru á 13. og 14. alþjóðlegu ráðstefnu tölfræðinga vegna launamála (ICLS), að því er varðar vinnumarkaðskönnun bandalagsins, eru atvinnulausir einstaklingar á aldrinum 15 til 74 ára þeir sem:
 - a) voru án atvinnu í viðmiðunarvikunni, þ.e. höfðu hvorki atvinnu né voru í vinnu (í eina klukkustund eða lengur) sem launþegi eða sjálfstætt starfandi;
 - b) voru tiltækir í vinnu, þ.e. voru tilbúnir að taka launaða vinnu eða sem sjálfstætt starfandi einstaklingar áður en vikunum tveimur, sem komu í kjölfar viðmiðunarvikunnar, lauk;
 - c) leituðu sér að vinnu, þ.e. höfðu gert sérstakar ráðstafanir á þessu fjögurra vikna tímabili, sem lauk með viðmiðunarvikunni, til að leita sér að launaðri vinnu eða sem sjálfstætt starfandi einstaklingar eða sem fundu starf sem hefja átti síðar, þ.e. innan þriggja mánaða í mesta lagi.

Að því er varðar c-lið 1. liðar er litið á eftirfarandi sem sérstakar ráðstafanir:

 - að hafa samband við opinbera atvinnumiðlun **til að leita sér að vinnu**, sama hver átti frumkvæðið (endurnýjun skráningar aðeins af stjórnsýsluáætlunum telst ekki til ráðstafana),
 - að hafa samband við ráðningarstofu (framleigufyrirtæki, fyrirtæki sem sérhæfir sig í nýráðningum, o.s.frv.) til að leita sér að vinnu,
 - að sækja um beint til vinnuveitenda,
 - að leita fyrir sér meðal vina, ættingja, féлага o.s.frv. til að leita sér að vinnu,
 - að leggja inn umsóknir um störf eða svara auglýsingum,
 - að skoða starfsauglýsingar,
 - að taka hæfnispróf eða fara í starfsviðtöl,
 - að leita að lóð, húsnæði eða búnaði,
 - að sækja um leyfi eða heimild fyrir fjármagni.
2. Litið er á menntun og þjálfun sem leiðir til að auka ráðningarhæfi en ekki sem aðferðir við vinnuleit. Einstaklingar, sem eru ekki í vinnu en eru í námi, flokkast aðeins atvinnulausir ef þeir eru „tiltækir í vinnu um þessar mundir“ og „eru að leita sér að vinnu“, eins og skilgreint er í b- og c-lið 1. liðar.
3. Þeir sem eru látnir fara flokkast sem atvinnulausir ef þeir fá ekki marktækt kaup eða laun (marktækt er $\geq 50\%$) frá vinnuveitanda sínum og ef þeir eru „tiltækir í vinnu“ og „eru að leita sér að vinnu“. Litið er svo á að þeir sem látnir eru fara séu í launalausum leyfi að frumkvæði vinnuveitanda – þar með talið leyfi sem greitt er af ríkisfjárlögum eða sjóðum (16. alþjóðlega ráðstefna tölfræðinga vegna launamála). Í því tilviki flokkast þeir sem hafa verið látnir fara í vinnu ef samið hefur verið um að þeir snúi aftur til vinnu á tilteknum degi og ef sú dagsetning er innan þriggja mánaða.
4. Ekki er hægt að líta svo á að árstíðabundnir starfsmenn séu formlega bundnir starfi sínu utan viðkomandi starfstímabils – vegna þess að þeir fá ekki kaup frá vinnuveitanda sínum þótt þeir kunni að hafa tryggingu fyrir því að þeir geti komið aftur til vinnu. Ef þeir eru ekki í vinnu á tímabilinu utan vinnutímans flokkast þeir aðeins sem atvinnulausir ef þeir „eru tiltækir í vinnu“ og „eru að leita sér að vinnu“, eins og það er skilgreint í b- og c-lið 1. liðar.

II. VIÐAUKI

Vinnumarkaðskönnun: grundvallarreglur um gerð spurninga um atvinnustöðu

1. Spurningarnar um atvinnustöðu samkvæmt skilgreiningu Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (hvort einstaklingur er í vinnu, atvinnulaus eða utan vinnuaflls) eru jafnan fyrstu spurningarnar á hverjum spurningalista og koma beint á eftir spurningunum um manntalsupplýsingar um heimilismenn. Á undan þeim eru, nánar tiltekið, ekki spurningar um helstu eða algengustu störf (hvort viðkomandi sé í námi, heimavinnandi, á eftirlaunum o.s.frv.) eða hvort viðkomandi sé skráður þannig hjá opinberri atvinnumiðlun að hann geti krafist atvinnuleysisbóta þar sem slíkar spurningar hefðu áhrif á svör við spurningum Alþjóðavinnuálastofnunarinnar um atvinnustöðu.

Ef byggt er á eldri viðtölum í könnunarbylgjum og þegar atvinnustaða einstaklings, sem er atvinnuþátttakandi eða atvinnulaus, er, að því er virðist, til frambúðar eða stöðug er hægt að færa sönnur á vinnustöðu viðkomandi einstaklings með því að vísa í stöðu hans í eldri bylgju.

2. Í spurningaröðinni um atvinnuþátttöku eru að minnsta kosti tvær aðgreindar spurningar: ein spurning um vinnu um þessar mundir og önnur spurning um vinnu þegar viðkomandi er tímabundið frá vinnu (starfsmenn í leyfi). Spurningin um að vera í vinnu um þessar mundir verður að koma á undan spurningunni um að gegna einhverju föstu starfi svo að berlega komi í ljós með spurningunum ef um tímabundna fjarveru er að ræða.

Greining á þeim sem eru látnir fara (eru í launalausum leyfi að frumkvæði vinnuveitanda) og hvort þeir flokkast sem einstaklingar í atvinnu (eða atvinnulausir) er háð tveimur skilyrðum um formlega starfsbindingu: tryggingu fyrir að snúið sé aftur til vinnu eftir að ástandinu lýkur og tímabundnu leyfi (≤ 3 mánuðum) frá starfssamningnum. Skilyrðin ákvarðast af spurningu, sem kemur næst á eftir spurningunni um ástæðu tímabundinnar fjarveru eða ástæðu þess að ekki var leitað að annarri vinnu síðustu fjórar vikurnar á undan, eða af svarflokkunum við þessum spurningum.

3. Spurningarnar um atvinnuþátttöku og starfsleit skulu fela í sér möguleika á að greina einstaklinga sem vinna aðeins í fáeinar klukkustundir eða jafnvel eina klukkustund.
4. Spurningarnar um atvinnuþátttöku skulu fela í sér möguleika á að greina ólaunaða starfsmenn í sömu fjölskyldu. Að öðrum kosti eru borin kennsl á þá með sérstakri spurningu varðandi það að vera í vinnu.
5. Í spurningunum um atvinnuþátttöku skal greinilega koma fram að einungis sé litið á launaða eða aðra tekjuskapandi vinnu sem atvinnustarfsemi innan ramma Alþjóðavinnuálastofnunarinnar.
6. Tilgreina þarf greinilega viðmiðunartímabil atvinnuþátttöku. Spurningin um atvinnuþátttöku vísar almennt til síðustu vikunnar, sem samkvæmt skilgreiningu er „frá mánudegi til sunnudags“, með nákvæmri dagsetningu. Tilgreina þarf greinilega viðmiðunartímabil starfsleitar og tiltækileika. Spurningarnar tvær um starfsleit og starfsleitaráðferðir eiga við síðastliðnar fjórar vikur, þar með talda viðmiðunarvikuna, og spurningin um tiltækileika á við tveggja vikna tímabil frá því að viðmiðunarvikunni lýkur.
7. Allir þeir sem voru spurðir um atvinnuþátttöku og voru greindir atvinnulausir fá spurningar um atvinnuleit. Engin síuspurning er á undan þessari spurningu. Ef byggt er á eldri viðtölum í könnunarbylgjum og þegar atvinnustaða einstaklings, hvort sem hann hefur atvinnu eða er utan vinnuaflls, er, að því er virðist, til frambúðar eða stöðug er hægt að færa sönnur á atvinnustöðu hans með því að vísa til stöðu hans í síðustu bylgju.
8. Í spurningunni um starfsleit felst öll viðleitni, jafnvel ef hún er óvenjuleg, sem svarandinn beitir til að leita sér að vinnu eða til að koma starfsemi sinni á fót. Ekki má skilja á orðalagi spurningarinnar að aðeins samfelld leit á öllu viðmiðunartímabilinu sé nægileg forsenda fyrir starfsleit.

9. Spurningin um starfsleitaráðferðir skal fela í sér bæði virkar og óvirkar leitaráðferðir. Litið er á eftirfarandi sem virkar leitaráðferðir:

- að hafa samband við opinbera atvinnumiðlun til að leita sér að vinnu,
- að hafa samband við ráðningarstofu til að leita sér að vinnu,
- að sækja um beint til vinnuveitenda,
- að leita fyrir sér meðal vina, ættingja, stéttarféлага o.s.frv. til að leita sér að vinnu,
- að leggja inn umsóknir um störf eða svara auglýsingum
- að skoða starfsauglýsingar,
- að taka hæfnispróf eða fara í starfsviðtöl,
- að leita að lóð, húsnæði eða búnaði,
- að sækja um leyfi eða heimild fyrir fjármagni.

10. „Að hafa samband við opinbera atvinnumiðlun til að leita sér að vinnu“ er gagnkvæmt samband. Það getur verið frá hendi einstaklingsins, sem skráður er atvinnulaus, eða atvinnumiðlunarinnar. Þetta samband skal koma fram í fyrstu spurningunni (svarflokknum) um starfsleitaraðferðir. Þetta á ekki við um stjórnsýslulega endurnýjun skráningar til að hægt sé að krefjast atvinnuleysisbóta (ef ekki hefur farið á undan tímabil atvinnuþátttöku eða einstaklingurinn hefur verið utan vinnuafls). Þetta á ekki heldur við um þá aðstoð sem atvinnumiðlunin veitir til að auka ráðningarrhæfi einstaklings sem skráður hefur verið atvinnulaus. „Að hafa samband við opinbera atvinnumiðlun til að leita sér að vinnu“, sem ráðstafanir til að finna vinnu, felur aðeins í sér:
- að skrá þátttakandann hjá atvinnumiðluninni í fyrsta sinn (eftir tímabil atvinnuþátttöku eða að einstaklingurinn hefur verið utan vinnuafls),
 - að komast að hvar eru laus störf eða
 - „tillaga um starfstækifæri að frumkvæði atvinnumiðlunar“ sem starfsleitandinn getur þegið eða hafnað.
11. Starfsleitaraðferðir eru taldar upp uns að minnsta kosti þrjár virkar aðferðir hafa verið nefndar.
12. Einstaklingar sem eru ekki í vinnu um þessar mundir og eru ekki að leita sér að vinnu vegna þess að þeir hafa þegar fundið vinnu sem mun hefjast síðar, þ.e. innan þriggja mánaða í mesta lagi, skal færa í sérstakan flokk.
-